

## LISTIR



Morgunblaðið/Árni Sæberg  
Stólar eftir Svein Kjarval. Í bakgrunni er borð eftir Gunnar Magnússon en á veggnum er veggspjald sem sýnir tíðaranda áruna 1950–1970.

## Hönnunarsafn Íslands

Íslensk hönnun  
áruna 1950–1970

ÍSLENSK hönnun 1950–1970 er yf-irskrift sýningar sem opnuð verður í kvöld, föstudagskvöld, kl. 20, á Garðatorgi 7, nýbyggingu í miðbæ Garðabæjar. Sýningin er kynningarsýning nýstofnaðs Hönnunarsafns Íslands í Garðabæ, sem til var stofnað í desember 1998. Fyrst í stað verður safnið starfrækt í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands á Lyngási 7. Sýningunni er ætlað að gera hvortveggja í senn, að kynna þessa nýju safnastofnun fyrir Garðabæingum og öðrum landsmönnum og vekja athygli á hinum nýja miðbæ.

Á þessari sýningu, sem Þórdís Zoëga innanhússarkitekt hefur haft umsjón með, er að finna sýnishorn af íslenskum húsbúnaði, húsgögnum, leirlist, veflist, skarti og grafískri hönnun frá sjöttu og sjöunda áratugnum, en segja má að á þeim árum hafi hönnunarhugtakið fest sig í sessi á Íslandi í nútímalegum skilningi um lausnir sem felast ekki í átt til sjálfstæðs bæjarfélags.

Á sýningunni er að finna húsgögn eftir Svein Kjarval, Gunnar H. Guðmundsson, Gunnar Magnússon, Helga Hallgrímsson og Pétur P. Lúthersson, auk lampa eftir þann síðastnefnda, veflistaverk eftir Júlíönu Sveinsdóttur og Ásgerði Búadóttur, leirlist eftir Gest og Rúnu, Ragnar Kjartansson, Hauk Dór, Steinunni Marteinsdóttur og Jónínu Guðnadóttur, skart eftir Leif Kaldal, Ásdís Sveinsdóttur Thoroddsen, Jens Guðjónsson, Jóhannes Jóhannesson, Guðbrand Jezorski og Ófeig Björnsson og loks grafíska hönnun af ýmsu tagi eftir Gísli B. Björnsson, Kristínu Þorkelsdóttur, Hilmar Sigurðsson, Friðrikku Geirsdóttur, Torfa Jónsson og samstarfsfólk þeirra.

Sýningunni er fylgt úr hlaði með sýningarskrá þar sem er að finna

efni eftir Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Ingimund Pálsson bæjarstjóra, Gunnar Jóhann Birgisson, formann Þjóðminjaráðs, Stefán Snæbjörnsson, innanhússarkitekt og formann stjórnarnefndar safnsins, og Aðalstein Ingólfsson, nýráðinn umsjónarmann Hönnunarsafns Íslands.

Á sýningunni verður kynnt tillaga að merki (logo) Hönnunarsafnsins. Félag íslenskra teiknara (FÍT) gekkst fyrir samkeppni meðal félagsmanna sinna og var ein tillagan valin til áframhaldandi úrvinnslu. Árangur samkeppinnar er hugsaður sem framlag FÍT til safnsins.

Sýningin stendur til 15. nóvember 1999, og er opin mánudagaföstudaga kl. 14–19 og laugardagaföstudaga kl. 12–19.

## Málþing

Hönnunarsafn Íslands efnir einnig til málþings í fyrirlestrasal Fjölbrotaskólans í Garðabæ við Skólbraut á morgun kl. 10.

Rætt verður um stöðu og hlutverk hönnunarsafna í nútíð og framtíð, og eru frummælendur Volker Albus, prófessor í hönnun við háskólann í Frankfurt, Reyer Kras, deildarstjóri hönnunardeildar Stedelijk-safnsins í Amsterdam, en hann setti saman umtalaða sýningu á norrænni hönnun í safni sínu fyrir á þessu ári, Paul Thompson, forstöðumaður Design Museum í Lundúnum, Anniken Thue, forstöðumaður hönnunarsafnsins í Ósló og Aðalsteinn Ingólfsson, umsjónarmaður Hönnunarsafns Íslands.

Að loknum ræðum frummælenda gefst almenningi tækifæri til að skeggræða við sérfræðinga um hugmyndir þeirra og skoðanir.

Þáttöku má tilkynna til Þjóðminjasafns Íslands.

## TÓNLIST

## Háskólabíó

## SÖNGLEIKJATÓNLEIKAR

Forleikir, söngleikjalög og dúettar eftir Suppé, Straus, Lehár, Stolz, Zeller, Offenbach, Kern, Bernstein, Gershwin og Rodgers. Einsöngvarar: Hanna Dóra Sturludóttir; Bergþór Pálsson. Sinfóníuhljómsveit Íslands u. stj. Bernharðs Wilkinson. Fimmtudaginn 14. október kl. 20.

ÞRÁTT fyrir yfirgengilega neyzlustýringu einkaútlarpsstöðva á seinni árum, sem ekki sízt er áhyggjuefni meðan tónlistarnotkun, smekkur og forsendur almennings haldast að mestu óþekktar stærðir vegna sinnuleysis félagsfræðinga, virðast eldri gerðir af léttari óperu, þ.e. óperetta og „musical“ frá gullöld Broadways (um 1930–70) enn eiga talsverðu fylgi að fagna, eins og álykta mátti af húsfylli í Háskólabíói í gær. Vönduð könnun myndi eflaust segja nánar til um hvaða þjóðfélagsþóp hallast að hverri grein, en í fljótu bragði væri ekki fráleitt að ætla, að vínaróperettan höfði mest til elztu kynslóðar, sígræna Breiðvangsefnið til manna um fimmtugt og upp úr, en rokksöngleikirnir frá um 1970 með Lloyd-Webber fremstan meðal jafningja til fólks frá þritugu og fram á sextugsaldur. Væri slík meginskípting raunar í eðlilegu samræmi við blómaskeið hverrar greinar fyrir sig - að viðbætti 5–10 ára seinkun vegna einangrunar landsins - með seinni heimsstyrjöld og hippaskeiðið um 1970 sem afgerandi vatnaskil.

Tónleikar Hönnu Dóru Sturludóttur, Bergþórs Pálssonar og Sinfóníuhljómsveitarinnar undir tónsprotu Bernharðs Wilkinson í gærkvöld, í grænu röðinni svokölluðu sem skv. vetrarskrá er helguð „léttleika og fjölbreytni“, einkenndust af téðum eldri greinum. Fyrir hlutinn var frá þeim tímum er þýzkan var alþjóðamálið í léttari tónlist og Vínarborg nafli tónlistarheimsins, enda viðfangsefnið öll eftir þýzka eða austurríska óperettuhöfunda að undanskildu Can-can eftir Jaques Offenbach, franskan höfund sem var fyrirmynd margra þýzkumæltra óperettuhöfunda á síðari hluta 19.

aldar. Meðal þeirra var Franz von Suppé (d. 1895) sem var fyrirferðarmikill á tónleikaskrám Hljómsveitar Reykjavíkur hér áður fyrr. Reið hann á vadið með czardas-ívaða forleiknum Leichte Kavallerie; dæmigerðri „hljómskálamúsík“ sem segja má að hafi runnið sitt síðasta skeið með perlum Leroy's Anderson og Roberts Farnon á 5. og 6. áratug. Er ihugunarefni hvað veldur því að síðari tíma tónskáld hafi gjörneitt hjá slíkri skemmtitónlist, en vera má að aukið afþreyingarframboð sjónvarpsins, ásamt miskunnarlausri frumleikakvöð nútímans, hafi vegið þyngst á metunum.

Smámeistarinn Oscar Straus átti heiðurinn af bráðfallegum „Traumwaltz“ úr óperettunni Walzertraum, þar sem Hanna Dóra og Bergþór sungu dúett við liðugan Vínar- „Schwung“ hljómsveitarinnar. Berþór söng Gern hab' ich die Frauen geküsst úr „Paganini“ eftir Lehár, sem var eins og klæðskerasaumað fyrir raddtýpu hans. Einn síðasti vínaróperettuhöfundurinn var Robert Stolz (d. 1975), og söng Hanna Dóra eftir hann Kaiser meine Seele sein við hlýjar undirtektir. Þau Hanna og Bergþór sungu þvínæst annan fallegan vals, Schenk malen die Rosen; dúett eftir Karl Zeller (d. 1898) sem sagður er hafa rífið vínaróperettuna úr tíma-bundnum döða í lok 19. aldar (milli J. Strauss og Lehárs) með óperettunni Fuglasalanum 1891. Fyrri hálfleik lauk svo með iðilfallegru útfærslu Sinfóníuhljómsveitarinnar á Can-Can úr Orfeifi í Undirheimum sem eftir sinfónískulegan fyrripart lauk á samnefndum pilsasviptandi dansi, er varð tilefni álíka mikils dansaðis sunnar í álfa laust fyrir 1860 og tangóinn í byrjun þessarar aldar.

Eftir hlé færðist fókusinn yfir á meistara Broadways. Jerome Kern hóf gullöldina þar vestra með Showboat (1927), þaðan sem fyrst var leikinn forleikur í dæmigerðum amerískum leikhúsvaðalstíl 3. áratugar, svo minnti jafnvel á sirkus. Hanna Dóra söng léttblúsaða gimsteininn Can't Help Lovin' Dat Man með hrifandi tilþrifum er komu undirrituðum á óvart, enda viðfangsefnið allóflíkt hefðbundnum óperusöng. Bergþór tók þar næst fyrir

eitt af glansnúmerum sínum, Ol' Man River og vakti sem von var mikla hrifningu, þó að „twangy“ raddbeiting hans í anda Als Jolsons - hér sem stundum síðar - jaðraði við að verka belgíngsleg: m.a.s. vottaði fyrir henni í Some Enchanted Evening, þar sem sízt átti við.

Hljómsveitin fékk að taka á öllu sínu í líklega snjallasta musical-forleik allra tíma við Candide eftir Leonard Bernstein, sem leikinn var í frísklegu tempói og heppnaðist ágætlega vel, burtséð fra einstaka krossrytmasnurðu í tréi og pjátri. Einsöngvarar sungu síðan saman dúett Gershwins, I Got Rhythm úr „Girl Crazy“ (1930) og tóku nokkur létt dansspor við rífandi undirtektir.

Einhvert heilsteyptasta verk allra Broadwaysöngleikja er South Pacific frá 1949, sem margir telja kóróna aldarfjórðungssamstarf Richards Rodgers og textahöfundarins Oscars Hammersteins II, enda hlaut verkið Pulitzer-verðlaunin. Bergþór söng fyrst ódaudlegan ástaróð LeBecques, Some Enchanted Evening, sem þrátt fyrir afar góðar móttökur áheyrenda hefði að mínu viti komið enn betur út án fyrrgreindra Jolson-takta - og ótímabærra áttundarupphækkana laglínunni í lokum fyrstu erinda. Hanna Dóra spreitti sig á Happy Talk, heilræðavísu betelhetnetumalandi Tonkin-kerlingarinnar „Bloody Mary“ til Liat dóttur sinnar, og kom aftur á óvart með sannfærandi túlkun, sem aðeins vantaði örlítið liprari sveiflu til að ná fullkunnun. Þessi dillandi söngur er eiginlega fyrir lægra söngsvið - mezzosópran - og hefði hljómsveitin mátt taka aðeins minna á með tilliti til þess.

Síðastur á skrá var dúettinn You Will Never Walk Alone úr „Carousel“ eftir Rodgers og Hammerstein frá 1945, sem Bergþór og Hanna Dóra sungu saman með miklum bravúr. Hljómsveitin lék hér sem víðast hvar áður furðu liðugt og lipurt undir snaggaralegri forystu Bernharðs, miðað við hvað efníð er sjaldviðrað á sinfóníupalli Háskólabíós, og áttu fleiri meðlimir hennar fallega mótaðar strófur en tjóir að tíunda í stuttu máli.

Ríkarður Ö. Pálsson

Nýkomnir hlýir og fallegir  
barnakuldaskór  
með ekta ullarfóðri

Stærðir: 22-35  
Litir: blátt-rautt-  
grænt-vínrautt.  
Verð 3.995



## Full búð af nýjum vörum

Nýtt kortatímabil

PÓSTSENDUM  
SAMÐÆGURS

SKOEDJ

Kringlunni, 1. hæð,  
sími 568 9345.

## Nýjar bækur

● ÞJÓÐRÁÐ er  
eftir Hörð Bergmann.

Í fréttatil-  
kynningu segir:  
„Þjóðráð er inn-  
legg í umræðuna  
um þróun og  
framtíð íslensks  
þjóðfélags,  
vandamál þess  
og viðfangsefni í  
upphafi nýrrar aldar. Höfundur  
skilgreinir hvaða vanda er helst við  
að etja og varpar fram rökstuddum  
tillögum um lausnir sem felast ekki  
í auknum fjárfrahlögum og meiri  
hagvexti, heldur breytingu á mark-  
miðum, lífsháttum og viðhorfum.“

Í bókinni vekur höfundur máls á  
fjölmörgum vandamálum íslensks  
nútímasamfélags, veltir fyrir sér  
leiðum til að leysa þau og bendir á



Hörður  
Bergmann

råd sem hann telur að dugi best. Meðal þeirra spurninga sem varpað er fram í bókinni eru þessar: Hvernig er unnt að efla lýðræði í íslensku samfélagi og draga úr völdum fámennra þrýstihópa? Eru brýnustu verkefni á dagskrá í þjóðmálaumræðunni? Hvernig má draga úr efnahagslegu kynslóðabili og auðvelda ungu fólki leiðina inn í samfélagið? Hvernig getur stjórnun fiskveiða og úthlutun aflaheimilda orðið haldgóð og réttlát?

Hörður hefur áður sent frá sér bókina Umbúðarþjóðfélagið - Uppgjör og afhjúpun, sem út kom árið 1989.

Útgefandi er Bókauktáfan Iðunn. Menningarsjóður styrkti útgáfu bókarnar sem er 142 síður, prentuð í Prisma - Prentbær ehf. Teikningar eru eftir Halldór Baldursson. Verð: 1.890 kr.

ibici  
SOKKABUXUR

Íslensk - ítalska

SÍMI 557 7650